REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 7. september 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°55'5 N – 21°50'0 V
2. 66°59'0 N – 20°51'0 V
3. 66°32'5 N – 21°00'0 V
4. 66°30'0 N – 21°32'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 342 22. ágúst 1990 um bann við togveiðum á Hornbanka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. september 1990.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.